

**L Ö G**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja sex eyðijarðir í Grýtubakka-  
hreppi í Suður-Þingeyjarsýslu og jörðina Rjúpnafell í Norður-Múlasýslu.

**HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki  
voru:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja sveitarsjóði Grýtubakkahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu eftirtaldir eyðijarðir þar í hreppi: Gil, Tindriðastaði, Brekku, Þönglabakka, Botn og Keflavík.

**2. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Val Guðmundssyni, Fremri-Hlíð, jörðina Rjúpnafell í Vopnafjarðarhreppi.

**3. gr.**

Verð jarðanna, sbr. 1. og 2. gr., fer eftir því, sem um semst, ella skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1967.*

**Bjarni Benediktsson.**

**Birgir Finnsson.**

**Gizur Bergsteinsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

**L Ö G**

um sölu kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi.

**HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki  
voru:

**1. gr.**

Hreppsnefnd Miklaholtshrepps er heimilt að selja ábúanda kristfjárjörðina Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi fyrir það verð, er um semst eða metið verður af dómkvöddum mönnum, enda verði andvirði jarðarinnar varið í samræmi við ákvæði gjafabréfs fyrir henni.